



Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. september 2026

SFS26090009

MINNISBLAÐ

Staða ráðninga í borgarrekna leikskóla þann 9. september 2026

Þann 9. september sl. voru leikskólastjórar beðnir um að svara nokkrum spurningum um stöðu mönnunar og ráðningarmála hjá leikskólum borgarinnar og áhrif á inntöku barna í aðlögun. Svör bárust frá 64 af 67 leikskólum. Þar sem gagnaöflun var unnin með öðrum hætti en fyrri ár eru niðurstöður ekki að öllu leyti samanburðarhæfar en svörin gefa engu síður góða mynd af stöðu ráðninga í leikskólum borgarinnar. Almenn gengur betur að manna leikskólana í ár en undanfarin ár.

Um 39% leikskóla er fullmannaður skv. svörum leikskólastjóra og ef einnig eru taldir með þeir sem telja sig fullmannaða með ákveðnum fyrirvörum, má áætla að um 67% séu annaðhvort fullmannaðir eða nálægt því að vera fullmannaðir. Um 33% svara að enn eigi eftir að manna einhverjar stöður. Í þeim hópi má áætla að ráða þurfi í um 31–35 stöðugildi. Til viðbótar má lesa úr svörum þeirra sem eru fullmannaðir með fyrirvara, að um 19–20 stöðugildi tengist fyrirsjáanlegum breytingum, svo sem leyfum, veikindum, stuðningsþörf eða óvissu um endanlega úthlutun. Samtals má því gera ráð fyrir að um 50 stöðugildi séu annaðhvort ómönnuð eða tengist stöðu sem þarf að fylgja eftir á næstu vikum. Þann 17. september 2025 átti eftir að ráða í 74 stöðugildi þann tiltekna dag en auk þess var unnið að ráðningum fyrir starfsfólk sem var að fara að hætta eða í leyfi á næstu vikum og mánuðum. Um miðjan september 2024 átti eftir að ráða í samtals 123 stöðugildi. Að jafnaði starfa um 2.300 manns í um 1.800 stöðugildum í leikskólum borgarinnar.

Í svörum stjórnenda koma fram nokkur atriði sem skýra stöðuna nánar. Þar má nefna fyrirsjáanlegar fjarvistir vegna veikinda, fæðingarorlofa, námsleyfa og annarra leyfa, auk þess sem endanleg úthlutun vegna sérkennslu og stuðnings liggur ekki alls staðar fyrir. Þá kemur fram að umsóknir berist leikskólum sem auglýsa (í flestum tilvikum), en þær nýtast ekki alltaf í þau störf sem verið er að manna. Stjórnendur nefna meðal annars íslenskukunnáttu, fagmenntun og viðeigandi reynslu sem atriði sem skipta máli í ráðningarferlinu. Um 16 leikskólar eru með auglýsingar í gangi og í flestum tilvikum eru einhverjar umsóknir að berast.

Í nokkrum tilvikum er ákveðin óvissa vegna úthlutunar vegna sérkennslu og stuðningsþarfar, meðal annars vegna breyttrar samsetningar barnahópsins. Í þeim tilvikum er beðið eftir endanlegri úthlutun eða skýrari forsendum áður en hægt er að ganga frá mönnun. Þetta getur haft áhrif á hversu hratt ráðningarferli fara af stað og hvernig skipulag verður útfært þegar fleiri börn hefja vistun.

Aðlögun barna gengur almennt ágætlega. Flestir leikskólar hafa annaðhvort hafið aðlögun allra barna sem búið er að bjóða vistun eða gera ráð fyrir að síðustu börn komi



Reykjavík



inn í september eða byrjun október nk. Þar sem aðlögun dregst lengur fram í október eða nóvember má rekja til ólíkra þátta, svo sem aldurs barns, óska foreldra, uppsagnarfrests hjá dagforeldri, innskráningar í kerfi, flutninga eða húsnæðismála.

Húsnæðis- og framkvæmdamál koma einnig fram í nokkrum svörum, en virðast ekki almennt skýra mönnunarstöðu leikskólanna í heild. Slík atriði geta þó haft staðbundin áhrif á ráðningar, nýtingu plássna, aðlögun eða umfang starfsemi. Veikindi og önnur tímabundin forföll koma jafnframt fram sem hluti af heildarmyndinni og geta haft áhrif á skipulag mönnunar á einstökum starfsstöðum.

Niðurstöðurnar eru nýttar af fagskrifstofu leikskólamála og mannauðskrifstofu og afleysingastofu til að aðstoða leikskólana við ráðningar og til að beina auglýsingum til réttra markhópa. Lögð verður áhersla á að svara beiðnum um ráðningarheimildir og fá rétta mynd á úthlutunarheimildir vegna stuðnings.

